

STAÐA MÁLS

| | |
|-------------|--|
| Málnr.: | M-01514/AIG-12 |
| Dags: | 4. Júlí 2014 |
| Staður: | Við austurströnd Íslands |
| Lýsing: | Missti stjórn á flugvélinni í skýjum |
| Staða máls: | Júlí 2015: Í rannsókn Júlí 2016: Drög að lokaskýrslu skrifuð Ágúst 2017 drög lögð fyrir nefndina Október 2017: Lokadrög send í umsögn |

Flugmaður á G-BYLB var að koma að austurströnd landsins og áætlaði landingu á Egilsstöðum eftir sjónflug yfir hafið frá Færeyjum. Við austurströnd landsins mætti hann skýjabakka sem hann ákvað að fljúga inn í og hækka flugið í trausti þess að fara yfir hann.



Þegar um það bil 7.000 feta hæð var náð var flugvélin enn í skýjum og gervisjónbaugur flugvélarinnar hætti skyndilega að virka. Flugmaðurinn var þá óviss um afstöðu flugvélarinnar í fluginu og setti hann því flugvélina í þannig afstöðu að hann gat flogið henni í hringi eða spuna niður fyrir skýin og rétt hana af. Flugmaðurinn flaug svo utan skýja og lenti á Egilsstaðaflugvelli.

Rannsóknin beinist meðal annars að því hvers vegna gervisjónbaugurinn hætti að virka og þá ákvörðun flugmannsins að fljúga úr sjónflugi og inn í ský.